

Mál nr. 370/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. október 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 6. nóvember 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti er málsatvikum lýst þannig að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína í nýbyggingu hjá Y þann 14. júní 2024. Er á því byggt að í umrætt sinn hafi starfsmaður X verið að hífá bretti með krana sem á var búnt af steiptum einingum þegar það hafi hrunið ofan á M með þeim afleiðingum að hann hafi slasast. Komi fram í sjúkraskrá að M hafi í kjölfarið verið óvinnufær frá 14. til 21. júní 2024. Síðan segir í málskoti að M sé enn þann dag í dag óvinnufær. Á því er byggt að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M á grundvelli sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Vill M meina að tjón hans verði rakið til gáleysis af hálfu starfsmanns X, þ.e. kranastjórans. Ljóst sé af gögnum málsins að M hafi verið staddur undir þeirri byrði sem kraninn var að lyfta þegar slysið hafi átt sér stað. Er vísað til þess að sú tilhögun hafi falið í sér brot gegn grein 3.1.3 í reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja en sú reglugerð eigi sér stoð í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M vísar einnig í 37. og 42. gr. þeirra laga máli sínu til frekari stuðnings. Þá bendir M á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins eins og X og Y hafi borið að gera strax í kjölfar slyssins skv. 17. sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Þessi vanræksla hafi leitt til þess að Vinnueftirlitið hafi ekki rannsakað slysið. Er sérstaklega á það bent að ströng skylda hvíli á vinnuveitendum að hlutast til um að slys séu rannsökuð með viðunandi hætti. Telur M að framangreint eigi að leiða til þess að X sé skaðabótaskyldur gagnvart sér.

Í athugasemdum frá V, dags. 6. nóvember 2025, er því hafnað að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Máli sínu til stuðnings bendir V m.a. á að lýsing á málsatvikum í málskoti sé ekki í samræmi við önnur gögn málsins, þ.e. sú lýsing sé einfaldlega röng. Telur V að slysið verði eingöngu rakið til þess að M hafi í umrætt sinn ekki losað hífingarbúnaðinn af með fullnægjandi hætti. Þá sé mikilvægt að hafa í huga að búið hafi verið að setja umrætt bretti niður þegar slysið varð. Því hafi engin hífing átt sér stað yfir málskotsaðila eins og byggt sé á í málskoti, heldur hafi hífingunni í raun verið lokið þegar slysið varð. Máli sínu til stuðnings vísar V einnig í fyrirliggjandi lýsingar starfsmanna X og Y.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort X beri skaðabótaábyrgð á slysi því sem M varð fyrir við vinnu sína 14. júní 2024. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Dómafordæmi benda til þess að litið sé svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur réttilega tilkynnt slys samkvæmt framangreindu lagaákvæði skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik eða aðstæður á vinnustað, að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Ekki er ágreiningur um það að frá og með slysdagi var M óvinnufær. Þrátt fyrir þetta var slysið ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins sem rannsakaði því ekki slysið. Hins vegar liggja m.a. fyrir í málinu yfirlýsing frá kranastjóranum, lýsing verkstjóra hjá X á málsatvikum og framburður starfsmanns Y um það með hvaða hætti slys M varð. Af þessum gögnum verður að mati nefndarinnar ekki annað ráðið en að orsaka slyssins sé að leita í ákvörðunum M sjálfs og að ósannað sé að kranastjórinn hafi sýnt af sér gálausea háttsemi. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að X beri ekki skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M og að M eigi því ekki rétt á að fá sannað tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. desember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir